

Persónuverndarstefna Múlakaffis ehf.

Öll meðferð Múlakaffi ehf á persónuupplýsingum lýtur lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga ásamt reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Múlakaffi gætir þess að öll vinnsla persónuupplýsinga innan fyrirtækisins sé í samræmi við lög og reglugerðir og framfylgi því að vinnsluaðilar sem fá aðgang að persónuupplýsingum fylgi þeim lagaramma.

Einstaklingar og viðskiptavinir geta óskað eftir upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga sem þá varða sem á sér stað hjá Múlakaffi. Hægt er að andmæla þeirri vinnslu ef talið er að þær upplýsingar samræmist ekki gildandi lögum og reglum um persónuvernd. Múlakaffi leiðréttir eða eyðir þeim persónuupplýsingum ef þær telkast rangar, villandi eða ófullkomnar ef slíkt kemur upp.

Samkvæmt lögum um persónuvernd þá eiga viðskiptavinir og einstaklingar rétt á að fá staðfestingu á því hvort Múlakaffi sé að vinna persónuupplýsingar um viðkomandi og eiga þar með rétt á að fá aðgang af þeim upplýsingum og fá frekari upplýsingar um hvaða persónuupplýsinga sé verið að vinna með, og í hvaða tilgangi.

Um vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavini á grundvelli persónuverndarstefnu Múlakaffis ehf.

1. Almennt

Múlakaffi ehf. Er fyrirtæki á veitingamarkaði sem sérhæfir sig í veisluþjónustu og framreiðslu á mat í mötuneyti ásamt ýmsa annarra þátta á sviði veitingareksturs. Múlakaffi er ábyrgðaraðili yfir vinnslu persónuupplýsinga sinna viðskiptavina og öll vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Múlakaffis ehf samræmist persónuverndarstefnu þessari, lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Á milli Múlakaffis og viðskiptavina er samningssamband um veitingu á þjónustu. Svo unnt sé að veita og afhenda hana þarf að afla, skrá, vista og vinna persónuupplýsingar um viðskiptavini svo Múlakaffi geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart viðkomandi viðskiptavini. Ekki er um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða.

Persónuupplýsingar verða ekki afhentar þriðja aðila nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, vinnslusamnings eða samþykkis viðskiptavinar.

2. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavini

Múlakaffi safnar og vinnur neðangreindar persónuupplýsingar um viðskiptavini til að veita þá þjónustu sem samið er um. Persónuupplýsingarnar tryggja að Múlakaffi geti innheimt fyrir þá þjónustu sem þegar hefur átt sér stað. Upplýsingarnar tryggja að Múlakaffi geti ætíð tryggt sína bestu mögulegu þjónustu og gæði í samræmi við kröfur viðskiptavina sinna.

Múlakaffi ábyrgist þess að persónuupplýsingar viðskiptavina eru ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem er afmarkaður hér að ofan nema með samþykki og vitneskju viðskiptavinar.

3. Tegund upplýsinga sem unnið er með

- a. Nafn.
- b. Kennitala.
- c. Heimilisfang.
- d. Símanúmer.
- e. Netfang.
- f. Notkunarsaga – reikningar.
- g. Samskiptaupplýsingar um þjónustu.

4. Varðveislutími

Múlakaffi ehf. vistar persónuupplýsingar um viðskiptavini í þann tíma sem lög gera ráð fyrir og nauðsynlegt er m.v. tilgang vinnslunnar.

5. Réttur viðskiptavinar

- a. Viðskiptavinur kann að eiga rétt á að krefjast þess að röngum, villandi eða ófullkomnum persónuupplýsingum um sig verði leiðréttar og/eða þeim eytt.
- b. Viðskiptavinur hefur rétt til að andmæla söfnun á persónuupplýsingum telji hann að hún samræmist ekki tilgangi hennar, meðalhófs sé ekki gætt eða ef hann telur að ná megi sama tilgangi með vægari hætti.

- c. Viðskiptavinur hefur rétt á að óska eftir þeim upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga. Afgreiðsla á þeirri ósk skal vera gerð eins fljótt og auðið er.
- d. Vilji viðskiptavinur koma andmælum, kvörtun eða athugasemdum á framfæri vegna vinnslu persónuupplýsinga skal henni vera beint að fyrirtækinu á netfangi mulakaffi@mulakaffi.is

6. Öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina

Aðgangur að persónuupplýsingum um viðskiptavini Múlakaffis ehf er takmarkaður við það starfsfólk sem nauðsynlega þarf þann aðgang. Starfsfólk er upplýst og meðvitað um skyldur til trúnaðar og öryggis persónuupplýsinga sem þeir hafa aðgang að. Trúnaður og þagnarskylda þeirra gildir áfram þótt látið sé af störfum. Starfsfólk fer eftir lögum um persónuvernd nr. 90/2018 um persónuvernd við vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga.

Samþykkt og undirritað af framkvæmdastjóra Múlakaffi ehf. þann 09/01/2023

Guðríður María Jóhannesdóttir